

# HEIÐURSMERKI

## íslensku utanríkisþjónustunnar.

Eftirtaldir einstaklingar voru sæmdir heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar á árinu 2024:

### I. Íslenskir ríkisborgarar.

Thor Thors hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, fyrstu gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi verulegt gagn þannig að skipt hafi sköpum varðandi framgang og þróun íslenskra utanríkismála með starfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, fastanefndar Íslands í New York og með stuðningi við tvíhliða viðskipti og menningarsamskipti Íslands og Bandaríkjanna.

Ingibjörg Árnadóttir hefur verið sæmd heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Melbourne.

### II. Erlendir ríkisborgarar.

Ryotaro Suzuki sendiherra hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir framlag til tvíhliða samskipta Íslands og Japan, með störfum sínum sem sendiherra Japan á Íslandi.

Ruth Bobrich hefur verið sæmd heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í Berlín.

Chamnarn Marksean Viravan hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Bangkok.

Kazim Munir Hamamcioglu hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Istanbul.

Greg J. Beurerman hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í New Orleans.

Jörgen Hammer hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Rönne.

Tom Mboya Wambua hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, annarrar gráðu, fyrir að hafa unnið Íslandi sérstakt gagn til lengri tíma á sviði utanríkismála, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Naíróbí.

Astrid Helgadóttir hefur verið sæmd heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Barcelona.

Jörgen Enggaard hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Álaborg.

Wolf-Rudiger Dick hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Cuxhaven.

Friedrich N. Schwarz hefur verið sæmdur heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjörræðismaður Íslands í Munchen.

Nr. 1782/2024

Bettina Adenauer-Bieberstein hefur verið sæmd heiðursmerki íslensku utanríkisþjónustunnar, þriðju gráðu, fyrir sérstakan árangur og sem viðurkenningu fyrir framlag til utanríkisþjónustunnar, með störfum sínum sem kjöræðismaður Íslands í Köln.

---

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2025